

# Febrúar Söngtextar



## Vinur minn

Það er skemmtilegast að leika sér.  
Þegar allir eru með.  
Í stórum hóp, inn um hlátrasköll,  
Geta ævintýrin skeð.

Svo vertu velkominn, (klapp klapp).  
Nýi vinur minn.

Það er skemmtilegast að leika sér.  
Þegar allir eru með.

## Við erum góð

Við erum góð, góð hvert við  
annað.  
Stríðum ekki eða meiðum  
neinn.

Þegar við grátum huggar  
okkur einhver, þerrar tár og  
klappar okkar kinn.og þú, ég og þú.  
Leikum okkur saman, leikum okkur  
saman, ég og þú, ég og þú.

## Hver var að hlæja

Hver var að hlæja þegar ég  
kominn? Kannski ´að það hafi verið  
kötturinn. Æi nú, jæja, látum hann  
þá hlæja, kannski ´að hann hlæi  
ekki ´ í annað sinn.



## Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman, þar leika allir  
saman. Leika úti og inni og allir eru  
með. Hnoða leir og lita, þið ættuð  
bara að vita hvað allir eru duglegir í  
leikskólanum hér.

## Lína Langsokkur

Hér skal nú glens og gaman við  
skulum spjalla saman. Gáum hvað þú  
getur, vinur, gettu hver ég er.  
Verð laun þér ég veiti ef veistu hvað  
ég heiti. Vaðir þú í villu, þetta vil ég  
segja þér.

Hér sérðu Línu Langsokk, tralla  
hopp, tralla hei, tralla hoppsa - sa.  
Hér sérðu Línu Langsokk - já líttu,  
það er ég.  
Svo þú sérð minn apa, minn sæta,  
fína apa. Herra Níels heitir, já, hann  
heitir reyndar það.

Hérna höll mín gnæfir, við himinn  
töfraborg mín gnæfir. Fannstu annan  
fegri eða frægðar meiri stað?

Hér sérðu Línu Langsokk, tralla  
hopp, tralla hei, tralla hoppsa - sa.

Hér sérðu Línu Langsokk - já líttu,  
það er ég.



Þú höll ei hefur slíka, ég á hest og rottu líka. Og kúffullan af krónum einnig kistil á ég mér.

Veri allir vinir velkomnir, einnig hinir. Nú lifað skal og leikið, þá skal líf í tuskum hér.

Hér sérðu Línu Langsokk, tralla hopp, tralla hei, tralla hoppsa - sa. Hér sérðu Línu Langsokk - já líttu, það er ég.

### Lítill heimur

Það er gott að vera sem gleðin býr, þar sem gerast sögur og ævintýr svona er veröldin okkar, sem laðar og lokkar svo ljúf og hýr.

Lítill heimur, ljúfur, hýr, lítill heimur, ljúfur, hýr, lítill heimur, ljúfur, hýr - eins og ævintýr.

### Vinalagið

Viltu vera vinur minn þá líður mér svo vel.

Viltu vera vinur minn þá líður mér svo vel. Í höfðinu og hjartanu og maganum og alls staðar.

Viltu vera vinur minn þá líður með svo vel.



### Datt í kolakassan

(nafn) datt í kolakassann, hæfadderífadde ralala.

Þegar (nafn) átti' að passa' hann, hæfadderífadde ralala.

Ef hann/hún (nafn) vissi það þá yrði' hann/hún alveg steinhissa.

Hæfadderí, hæfaddera, hæfadde rífadde ralala.

### Alli, Palli og Erlingur

Alli, Palli og Erlingur þeir ætla að fara að sigla.

Vantar vænan bát, en vita afbragðs ráð, þeir fundu gamalt þvottafat, sem farið var að mygla.

Sigla út á sjó og syngja hæ hæ hó.

Seglið var úr afar stórum undirkjól, mastrið, það var skófluskaf og skútan lak og valt og hæ og hó, og hæ og hí en skítt með það, við skulum komast fyrir því.

Alli vildi ólmur til Ameríku fara en Palli sagði: "Portúgal er prýðis land".

"Ertu frá þér Palli, nú ætlum við að spara siglum beint og stefnum beint á Grænlandssand".

"Ertu frá þér Erlingur, þú ert að fara í kaf hatturinn þinn fýkur af og feykist út á haf".

og hæ og hó, og hæ og hí en skítt með það, við skulum komast fyrir því.